

Ed. 300. Frumvarp til laga

um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysaftryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsg. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðuftryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk

hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingarfélagi íslenskra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Bætur fyrir slys af völdum ófriðar skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðin eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag frá því slysið vildi til í allt að 52 vikur samtals.
- b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrnefndra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Örorkubætur má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
- c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samt.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

4. gr.

Að öðru leyti fer eftir reglum laga og reglugerðar um stríðstryggingarfélag íslenskra skipshafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa sjómannafélögin gert samning við útgerðarfélögin um stríðstryggingu skipshafnanna, og eru samningar þessir talsvert mismunandi, eftir því hvort um er að ræða sjómenn á flutningaskipum eða fiskiskipum, en það virðist næsta óeðlilegt.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa verið sett sérstök lög um stríðstryggingar skipshafna, og hefir stríðstryggingin þar verið sett í samband við hina almennu slystryggingu.

Í Danmörku hefir gangur þessara mála verið sá, að aðilar komu sér fyrst saman um trygginguna í aðaldráttum, en síðan voru sett lög á þeim grundvelli.

Hér er ætlazt til, að farin verði svipuð leið. Að vísu er þetta frumvarp ekki að öllu leyti samhljóða hvorugum þeirra samninga, sem gerðir hafa verið, vegna þess að verulegur munur er á þeim, heldur reynt að fara bil beggja. Auk þess er reynt að gera ákvæðin um bætur fyllri og ákveðnari heldur en er í samningunum og einnig að sníða þær meira eftir okkar slystryggingarlögum.

Nánar í framsögu.